



Kennari:	Sigurrós Ragnarsdóttir
Áfangi/fag:	UPPT2OF02 - Skrifstofuhugbúnaður, seinni hluti

Stutt lýsing

Framhaldsefni í ritvinnslu og töflureikni. Notast er við staðbundinn hugbúnað og hugbúnað í skýinu. Hugað er að skipulegri vistun gagna og að koma þeim á framfæri bæði á pappír og á rafrænan hátt, svo sem með rafrænni prentun og deilingu í skýinu.

Innihald áfanga

Ritvinnsla: Gerð algengra skjala, s.s. ritgerða, ferilskráa, auglýsinga, merkimiða. Áherslan er á flóknari tækni svo sem töflur (með hólfum og dálkum) og ýmsa tækni svo sem notkun sniðmáta, flýtihluta, hlutaskiptingu skjala, o.fl.

Töflureiknir: Áherslan er á gerð myndrita, tíðnitafna og notkun flóknari formúlna og falla.

Markmið (námsmarkmið og viðmið um þekkingu, leikni og hæfni)

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Notkun ritvinnslu til að leysa algeng verkefni á sviði ritunar.
- Notkun töflureiknis til að stilla upp talnagögnum og reikna út úr þeim og birta niðurstöður á prenti og myndrænt.
- Notkun kynningarforrits til að setja efni fram myndrænt.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Nota ritvinnslu til að útbúa algengar gerðir skjala, s.s. ritgerðir, ferilskrár, auglýsingar, merkimiða.
- Nota töflureikni til að útbúa eyðublöð, áætlanir og útreikninga, bæði með reikningsaðgerðum og algengum tölfraeðiföllum. Enn fremur að gera línurit, tíðnitöflur og gagnagrunna.
- Nota kynningarforrit til að útbúa einfaldar kynningar, sem nota texta, myndir, myndskreið til að miðla efni bæði á pappír, skjá og á netinu.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Geta valið viðeigandi verkfæri til að leysa hin ýmsu verkefni sem falla til í námi og starfi.

Aflað sér frekari þekkingar og færni í upplýsingartækni. Eftir þennan áfanga ætti að hafa góðan grunn til að geta bætt við sig frekari færni með því að nota hugbúnaðinn í einkalífi, námi og starfi.

Kennslugögn (bækur, tímarit, vefsíður o.fl.)

Ljósritað lesefni frá kennara, vefsíður og myndbönd. Microsoft Teams hópur.
Hringsjá útvegar allt námsefni fyrir nemendur

Námsmat

Til þess að standast áfangann þarf að taka öll stöðumöt sem eru í áfanganum. Til þess að fara í stöðumat þarf að klára öll verkefni fyrir ofan viðeigandi stöðumat.